

I. EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd-EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

95/EES/22/01	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.542 - Babcock/Siemens/BS Railcare).....	01
95/EES/22/02	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.585 - VAI/DAVY).....	02
95/EES/22/03	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.591 - Dow/Buna).....	03
95/EES/22/04	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 5. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3975/87 varðandi mál nr. IV/35 545- Lufthansa/SAS.....	03
95/EES/22/05	Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/35.531 - BT/Viag).....	04
95/EES/22/06	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.566 - CLT/Disney/SuperRTL).....	04

95/EES/22/07	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 15. maí 1995 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/448/EB um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fisk- og fiskeldisafurðum sem eru upprunnar í Nýja-Sjálandi.....	05
95/EES/22/08	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. maí 1995 um breytingu á ákvörðun 94/85/EB um gerð skrár yfir þriðju lönd sem aðildarríkin heimila innflutning á nýju alifuglakjöti frá..	05
95/EES/22/09	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. maí 1995 um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fisk- og fiskeldisafurðum sem eru upprunnar á Filippseyjum.....	05
95/EES/22/10	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. maí 1995 um ákveðnar verndarráðstafanir hvað varðar apa sem eru upprunnir eða koma frá Saír.....	05
95/EES/22/11	Skipun nefndarmanns í vísindanefndina um fegrunarfræði.....	05
95/EES/22/12	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir.....	06

3. Dómstóllinn

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.542 - Babcock/Siemens/BS Railcare)

95/EES/22/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. 5. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samsæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Babcock International Limited (Babcock) og Siemens PLC (Siemens) öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir Railcare Ltd., nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Siemens: rafeindatekni, verkfræði og framleiðsla,
 - Babcock: verkfræði og verktakapjónusta,
 - Railcare: viðhald, viðgerð og endurnýjun á járnbrautarvögnum og samsetning og sala á járnbrautarvögnum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmunum að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 146, 13. 6. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.542 - Babcock/Siemens/BS Railcare, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram
(Mál nr. IV/M.585 - VAI/DAVY)**

95/EES/22/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. 6. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Voest Alpine Industrieanlagenbau GmbH (VAI), undir yfirlýðingum VA Technologie AG (VATech), og Davy International Limited (DAVY), undir yfirlýðingum Trafalgar House plc, öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirlýðing yfir Conroll Technology GmbH (Conroll), nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - VAI: útvegum á fullbúnum mannvirkjum, verkfræðiráðgjöf og verktakaþjónusta á sviði járn- og stáliðnaðar,
 - VATech: eignarhaldsfélag sem útvegar kerfi fyrir stóriðjuver (málmvinnslutækni, orka),
 - DAVY: verkfræðiráðgjöf og verktakaþjónusta á sviði járn- og stáliðnaðar sem og á sviði umhverfismála,
 - Trafalgar House plc: verkfræði og byggingarstarfsemi, verslunar- og íbúðarhúsnæði, fólksflutningar og hótél,
 - Conroll: verkfræðiráðgjöf varðandi hitatengikerfi fyrir stáliðjuver.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 146, 13. 6. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.585 - VAI/DAVY, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram
(Mál nr. IV/M.591 - Dow/Buna)**

95/EES/22/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 31. 5. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Dow Europe SA, Horgen/Schweiz, sem tilheyrir samstæðunni The Dow Chemical Company, Delaware/USA öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, yfirráð yfir 80% hluta í fyrirtækinu Buna SOW Leuna Olefinverbund GmbH, Berlin/Deutschland með hlutabréfakaupum. Annar hluthafi í fyrirtækinu Buna er Bundesanstalt für vereinigungsbedingte Sonderaufgaben (BvS), fyrrum Treuhandanstalt.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Dow: stefnumótun og rekstur Dow-fyrirtækjanna í Evrópu. Dow framleiðir vörur úr jarðolíu og jarðgasi, plastefni, rafefnafræðileg efni, sérvörur, svo sem almenn lyf og kemísk efni til notkunar í landbúnaði,
 - Buna: framleiðsla á efnum úr jarðolíu og jarðgasi og rafefnafræðilegum efnum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 148, 15. 6. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.591 - Dow/Buna, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

**Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 5. gr. 95/EES/22/04
reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3975/87 varðandi mál nr.
IV/35 545- Lufthansa/SAS**

Í máli nr. IV/35 545 Lufthansa/SAS hefur auglýsing um útdrátt úr umsókn um undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EBE-sáttmálans verið birt í Stjtið. EB í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3975/87⁽²⁾ hvað viðkemur samningi milli Lufthansa og SAS.

Samkvæmt þessum samningi áforma aðilar að mynda varanlegt bandalag með því að koma á heildstæðu flutningakerfi í lofti sem byggist á víðtækum samböndum til langs tíma á sviði viðskipta, markaðssetningar og flugreksturs.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri, innan 30 daga frá því að auglýsingin birtist í Stjtið. EB nr. C 141, 7. 6. 1995, og tilgreina tilvísun IV/35 545 LH/SAS, við:

European Commission
DG IV/D3
Rue de la Loi 200
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 374, 31.12. 1987, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni
(Mál nr. IV/35.531 - BT/Viag)**

95/EES/22/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 2. maí 1995 tilkynning, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62⁽¹⁾, um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni sem myndað er af British Telecommunications plc (BT) og Viag Aktiengesellschaft (Viag). Samkvæmt tilkynnta samningnum munu þessi félög mynda fyrirtæki um sameiginlegt verkefni undir heitinu Viag Interkom GmbH & Co (Interkom).
2. Meginstarfsemi BT felst í fjarskiptaþjónustu og útvegum á fjarskiptabúnaði í Breska konungsríkinu og víðar. BT mun færa viðskipti sín í Þýskalandi á sviði fjarskipta til Interkom. Viag hefur umráð yfir fyrirtækjum, fyrst og fremst í Þýskalandi, sem starfa á sviði orkumála og iðnaðar með kemísk efni, svo og fyrirtækjum sem annast þökkun og vörustjórnun. Viag heldur fjarskiptagrúnneti sínu en er bannað samkvæmt samningnum að selja aðgang að netinu. Interkom mun annast fjarskiptastarfsemi móðurfyrirtækja sinna í Þýskalandi og bjóða viðskiptavinum í Þýskalandi stýrða netþjónustu innanlands sem og stýrða netþjónustu Concert-fyrirtækisins, sem er hnattrænt bandalag milli BT og bandarísku langflústúðvarinnar MCI.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að fyrirtækið um sameiginlega verkefnið sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins nr. 17/62.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.
5. Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 148, 15. 6. 1995. Unnt er að senda athugasemdirnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 98 19) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/35.531, og er heimilisfangið:

European Commission
Directorate - General for Competition (DG IV)
Directorate B
Office 3/96
Avenue de Cortenberg, 150
B-1049 Brussels

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.566 - CLT/Disney/SuperRTL)**

95/EES/22/06

Framkvæmdastjórnin ákvað 17. 5. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdu hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

(1) Stjtið. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204/62.

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 15. maí 1995 um 95/EES/22/07
breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/448/EB um
sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fisk- og fiskeldisafurðum sem eru
upprunnar í Nýja-Sjálandi**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 15. maí 1995 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/448/EB um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fisk- og fiskeldisafurðum sem eru upprunnar í Nýja-Sjálandi í Stjtið. EB nr. L 117, 24. 5. 1995. Viðauki við þessa ákvörðun kemur í stað viðauka B við ákvörðun 94/448/EB (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. maí 1995 um 95/EES/22/08
breytingu á ákvörðun 94/85/EB um gerð skrár yfir þriðju lönd sem
aðildarríkin heimila innflutning á nýju alifuglakjöti frá**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. maí 1995 um breytingu á ákvörðun 94/85/EB um gerð skrár yfir þriðju lönd sem aðildarríkin heimila innflutning á nýju alifuglakjöti frá í Stjtið. EB nr. L 119, 30. 5. 1995. Í viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/85/EB bætist eftirfarandi lína við í samræmi við stafrófsröð kóða Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO): „; MG: Madagaskar: X: :“ (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjórnartíðindum).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. maí 1995 um 95/EES/22/09
sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fisk- og fiskeldisafurðum sem eru
upprunnar á Filippseyjum**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. maí 1995 um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fisk- og fiskeldisafurðum sem eru upprunnar á Filippseyjum í Stjtið. EB nr. L 123, 3. 6. 1995. Samkvæmt ákvörðuninni er stofnunin Bureau of Fisheries and Aquatic Resources (BFAR) viðurkennd sem það yfirvald á Filippseyjum sem bært er til að sannreyna og votta að fisk- og fiskeldisafurðir séu í samræmi við kröfurnar í tilskipun 91/493/EBE (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. maí 1995 um 95/EES/22/10
ákveðnar verndarráðstafanir hvað varðar apa sem eru upprunnir
eða koma frá Saír**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. maí 1995 um ákveðnar verndarráðstafanir hvað varðar apa sem eru upprunnir eða koma frá Saír í Stjtið. EB nr. L 112, 19. 5. 1995. Í ákvörðuninni er kveðið á um að aðildarríkin skuli banna innflutning á öpum (simiae og prosimiae) sem eru upprunnir eða koma frá Saír (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtið. EB).

Skipun nefndarmanns í vísindanefndina um fegrunarfræði 95/EES/22/11

Vísindanefndinni um fegrunarfræði var komið á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 78/45/EBE⁽¹⁾

Framkvæmdastjórnin ákvað 15. 5. 1995 að skipa eftirfarandi aðila sem sérfræðing í eiturefnafræði til 20. október 1996:

Dr. P. Heistracher

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 13, 17. 1. 1978, bls. 24, síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/954/EB frá 21. desember 1994 (Stjtið. EB nr. L 371, 31. 12. 1994, bls. 15.)

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

95/EES/22/12

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (Stjtíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE. (Stjtíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun (*)	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils(²)
95-0085-A	Fyrirmæli stjórnvalda í Efra-Austurríki um skilvirkni nýs búnaðar til að hita vatn sem gengur fyrir fljótandi eða gaskenndu eldsneyti (fyrirmæli Efra-Austurríkis um vatnshitunartæki)	31.8.1995
95-0110-B	Tækniforskrift um viðurkenningu á notendabúnaði (DTE) með tengisniði af gerðinni ITU-T X.21 og ætlaður er til tengingar við tengisnið X.21 (DCE) í grunnneti belgíska símakerfisins (BE-SP-121, útgáfa frá 22. 12. 1994)	11.7.1995
95-0111-B	Tækniforskrift um viðurkenningu á notendabúnaði (DTE) með tengisniði af gerðinni ITU-T V.35 sem er ætlaður til tengingar við notandalínu með tengisniði V.35 í belgíska símakerfinu (BE-SP-135, útgáfa frá 22. 12. 1994)	11.7.1995
95-0112-B	Tækniforskrift um viðurkenningu á notendabúnaði (DTE) með tengisniði af gerðinni ITU-T V.36 sem er ætlaður til tengingar við notandalínu með tengisniði V.36 í belgíska símakerfinu (BE-SP-136, útgáfa frá 22.12. 1994)	11.7.1995
95-0113-B	Tækniforskrift um viðurkenningu á notendabúnaði sem á að tengja við stafrænar tengingar í almenna belgíska símakerfinu (símstöðvakerfið og stafrænar leigulínur) með tengisniði G.703 sem starfar á hraðanum 2048 kb/s (BE-SP-103, útgáfa frá 25. 2. 1995)	11.7.1995
95-0114-B	Tækniforskrift um viðurkenningu á notendabúnaði sem á að tengja við stafrænar tengingar í belgíska símakerfinu (stafrænar leigulínur) með tengisniði G.703 sem starfar á hraðanum 8448 kb/s (BE-SP-108, útgáfa frá 25. 2. 1995)	11.7.1995
95-0115-B	Tækniforskrift um viðurkenningu á notendabúnaði sem á að tengja við stafrænar tengingar í belgíska símakerfinu (stafrænar leigulínur) með tengisniði G.703 sem starfar á hraðanum 34 368 kb/s (BE-SP-134, útgáfa frá 25. 2. 1995)	11.7.1995
95-0116-B	Tækniforskrift um viðurkenningu á notendabúnaði sem á að tengja við stafrænar tengingar í almenna belgíska símakerfinu (símstöðvakerfið og stafrænar leigulínur) með tengisniði G.703 sem starfar á hraðanum 64 kb/s (BE-SP-164, útgáfa frá 25. 2. 1995)	11.7.1995
95-0117-P	Fyrirmæli um braud og vörur sambærilegar brauði, eiginleika þeirra og markaðssetningu	11.7.1995
95-0118-D	Kröfur um rekstarhagkvæmni físlétrá flugvéla (BFU)	10.7.1995
95-0119-B	Drög að konunglegri tilskipun um breytingu á 2. mgr. A-liðar 358. gr. í almennu reglugerðinni um öryggi á vinnustað	7.7.1995
(³) (⁴)		

(¹) Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

(²) Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

(³) Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

(⁴) Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjttíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drög til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.